

Opinbera deildin

Ágætu félagar!

Að venju verður á þessum aðalfundi farið yfir það helsta sem gerst hefur á liðnu starfsári. Haldnir hafa verið fjórir stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi deildarinnar, sem haldinn var 13. febrúar 2017.

Ýmis mál hafa verið rædd á fundunum, m.a. um lífeyrisréttindi, kjarasamninga, starfsmatið, kjara- og viðhorfskönnun félagsins og stofnanasamninga.

Í lok febrúar í fyrra stóð deildin fyrir fræðslufundi þar sem Helga Erlingsdóttir hjúkrunarforstjóri í Hlíð flutti erindi um vaktavinnu og vellíðan, sem var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Því miður var afar slæm mæting á þennan fund, aðeins mættu fjórir með mér og starfsmanni deildarinnar. Ég varð fyrir vonbrigðum með þetta áhugaleysi fólks, að mæta ekki þegar verið er að fjalla um mál sem snertir svo marga.

Á starfsárinu var skrifað undir samning á milli ríkisins og Alþýðusambands Íslands þar sem samið var um að allir starfsmenn ríkisins sem eru í ASÍ félögum fái lífeyrisauka til þess að jafna þá við aðra opinbera starfsmenn. Þetta nær til þeirra sem höfðu unnið í tólf mánuði fyrir 1. júní 2017. Þetta gildir á meðan viðkomandi er í vinnu hjá ríkinu. Ef menn flytja sig á milli ríkisins og Reykjavíkurborgar heldur viðbótin áfram. Ekki hefur náðst að semja við sveitarfélögin um samskonar leiðréttingu þrátt fyrir að það hafi verið skilningur manna að þetta ætti að vera eins og hjá ríkinu.

Það hefur verið ágreiningur á milli félagsins og Akureyrarbæjar varðandi matar- og kaffitíma hjá tímavinnufólki sem er að vinna með vaktavinnufólki. Það hefði ekki fengið greiðslur vegna vinnu í matartímum á kvöldin. Á fundi samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands sem haldinn var þann 17. ágúst sl. var tekinn af allur vafi að þeir sem vinna í tímavinnu fara eftir almennum kafla um matar- og kaffitíma þ.e. þriðja kafla. Þetta þýðir að Akureyrarbær hefur ekki verið að gera hlutina eins og þeir áttu að vera gera varðandi þessi atriði. Búið er að óska eftir leiðréttingu hjá bænum, en umfangið getur verið þó nokkuð mikið.

Félagið er að fara af stað með mál fyrir Félagsdóm gegn Akureyrarbæ, en við höfum staðið í deilum við bæinn vegna vinnuskyldu trúnaðarmanna. Þegar þeir sækja trúnaðarmannanámskeið milli 9 og 16 viðkomandi starfsmaður átti að vinna frá 16:00 til 23:00 sama dag þá er námskeiðið ekki metið sem vinnuskylda. Lögmaður félagsins gerði kröfu um að námskeiðið væri metið sem vinnuskylda en Akureyrarbær hefur neitað því og ber fyrir sig túlkun samninganefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi vaktarvinnustarfsmenn. Túlkun lögfræðinga félagsins og lögfræðinga ASÍ er að þeir eru algerlega ósammála þeirri túlkun.

Gengið var frá stofnanasamningum við ríkið sem félagið er með á starfsárinu sem allir þýddu launahækkanir fyrir okkar félagsmenn sem starfa hjá viðkomandi stofnun.

Samkomulag um launaþróunartryggingu til starfsmanna ríkis var undirritað í fjármála- og efnahagsráðuneytinu rétt fyrir jólin. Laun félagsmanna í aðildarfélögum ASÍ sem starfa hjá ríkinu hækka um að meðaltali 1,6% vegna samkomulagsins og laun félaga í BSRB sem starfa hjá ríkinu um 1,3%. Launaþróunartryggingin er afturvirk og gildir frá 1. janúar 2017. Það á eftir að semja um útfærslu á þessu, en það verður gert á næstunni.

Nú í janúar fóru fram á Illugastöðum vinnudagar aðalstjórnar félagsins. Fyrri daginn fór Björn formaður yfir stöðuna í dag í kjaramálum og jafnframt sagði hann frá fundi þar sem nokkrir ungir félagsmenn voru kallaðir til, til að fara yfir starfsemina. Ásgrímur upplýsingafulltrúi fór yfir ýmislegt er tengist kynningum félagsins, m.a. heimasíðuna og síðu félagsins á Facebook. Við fengum líka góða gesti á fundinn, en Karl Eskil Pálsson kom og sagði frá þeirri vinnu sem fram fór er N4 bjó til þrjú kynningarmyndbönd fyrir félagið. Kolbeinn Marteinsson, framkvæmdastjóri Athygli, fjallaði um hvernig félagið er að birtast á samfélagsmiðlum og er óhætt að segja að við lítum mjög vel út í þeim málum. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri ASÍ, fjallaði svo í lok dagsins um hlutverk stéttarféлага í breyttum heimi vinnunar.

Seinni daginn sáu þær Guðrún Ágústa og Eyrún Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ, um hópavinnu þar sem hugað var um framtíðina er kemur að verkalýðsmálum og eins hvernig vinnuumhverfið verði eftir 20 ár.

Í maí var haldinn árlegur fræðsludagur félagsins, en hann fór fram Í Menningarhúsinu HOFi á Akureyri. Þarna voru mættir trúnaðarmenn og aðrir sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið, um 100 manns. Dagskráin hófst kl. 10 um morguninn og lauk um kl. 17. Fræðsludagurinn í ár verður 23. apríl nk., í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit, þannig að þeir sem eru í trúnaðarstörfum fyrir félagið geta strax tekið daginn frá.

Tæplega 90 fulltrúar, frá öllum stéttarfélögum á Norðurlandi sátu 35. þing Alþýðusambands Norðurlands sem fram fór á Illugastöðum í október. Eining-Iðja átti 42 þingulltrúa af þeim 87 sem þingið sátu.

Í október fór fram 6. þing Starfsgreinasambands Íslands. Þingið fór fram á Selfossi og stóð yfir í tvo daga. Seturétt á þinginu áttu alls 135 þingfulltrúar, þar af 11 frá Einingu-Iðju. Okkar formaður, Björn Snæbjörnsson, var þar endurkjörinn formaður sambandsins til næstu tveggja ára.

Aðalstjórn félagsins ákvað að framkvæma aftur sambærilega kjara- og viðhorfskönnun og framkvæmd hefur verið ár hvert frá árinu 2011. Óhætt er að segja að mikil ánægja er með þjónustu félagsins og félagið sjálft. Björn mun á eftir fara yfir niðurstöður könnunarinnar.

Frá og með síðustu áramótum hækkuðu nokkrir styrkir úr sjúkrasjóði félagsins. Heyrnartækjastyrkir, Gleraugnastyrkir, Laseraðgerðir og tækni- og glasafrjóvganir hækkuðu í kr. 60.000 úr kr. 50.000. Líkamsrækt hækkaði um kr. 3.000 og er nú kr. 23.000 á ári. Útfararstyrkir hækkuðu vegna vísitölu í kr. 385.000 úr 360.000.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldin mörg námskeið, þ.á.m. dyravarðanámskeið, trúnaðarmannanámskeið og fönðurnámskeið. Önnur námskeið voru auglýst en ekki tókst að fá lágmarkfjölda á þau.

Í vor verður boðið að minnsta kosti upp á tvö námskeið. Starfslokanámskeið fyrir félagsmenn 65 ára og eldri. Einnig mun Bragi Bergmann verða með námskeið í framkomu, framsögu og fundarsköpum.

Ef einhverjir eru með hugmyndir að námskeiðum sem þeir hafa áhuga á, er um að gera að koma því á framfæri við Önnu varaformann félagsins.

Ég vil minna á að félagsmenn geta hvenær sem er haft samband við ráðgjafana í SÍMEY og fengið hjá þeim ókeypis ráðgjöf.

Í fyrra var tekin sú ákvörðun í aðalstjórn félagsins að kaupa fimm nýjar íbúðir í Kópavogi og selja í staðinn fjórar eldri í Reykjavík. Félagið fékk íbúðirnar afhentar í lok desember. Búið er að leggja á þær parket, en vegna raka í plötu þurfti að fresta því verki um nokkrar vikur. Frágangur við bílakjalla og utanhúss en nokkuð á eftir áætlun en vonandi verður hægt að setja þær í leigu frá og með næstu mánaðamótum.

Ég minni fólk á að orlofsblaðið kemur út 7. mars nk. Í sumar verður boðið upp á mikið úrval sumarhúsa eins og undanfarin ár.

Nýlega rann út frestur til að senda inn umsókn fyrir íbúðina á Spáni, sem er nýr orlofskostur fyrir félagsmenn næsta sumar og kynntur var í jólablaði félagsins. Alls sóttu 35 félagsmenn um leigurnar níu sem í boði eru, tvær vikur í senn. Búið er að úthluta og eiga þeir sem sóttu um að fá svar frá félaginu á næstu dögum.

Áfram verður boðið upp á Viku að eigin vali. Styrkurinn í ár verður kr. 24.000 sem er hækkun um kr. 2.000. Ákveðið var að fjölga styrkjum um 30 og því verða 300 styrkir í boði í ár. Sækja þarf um styrkinn eins og orlofshúsin, þ.e. fyrir 3. apríl nk.

Eins og undanfarin ár verða þrjár ferðir í boði. Uppselt er í ferð sem farin verður til Austurríkis í ágúst, en enn er tekið við skráningum á biðlista. Skráning stendur yfir í fjögurra daga ferð sem verður farin um Suðausturland 25. til 28. júní nk. Skráning í ferðina hafa ferð vel af stað og því er ekki eftir neinu að bíða með að skrá sig fyrir þá sem hug hafa á að fara með, því bæði er um að ræða lágmarks- og hámarksfjölda í ferðina.

Á skrifstofum félagsins verður áfram boðið upp á útilegu- og veiðikort á niðurgreiddu verði, ásamt gistimiðum á Keahótelin, Fosshótelin og Edduhótelin.

Ég minni líka á varðandi sumarúthlutun orlofshúsa að nú er bara tekið við rafrænum umsóknum í gegnum félagavefinn þegar sótt er um sumarhús og „Viku að eigin vali.“

Á félagavefnum geta félagsmenn líka skoðað punktastöðu og punktasögu, greiðslusögu vegna bóta og styrkja ásamt úthlutunarsögu vegna orlofshúsa. Einnig er þar hægt að skoða upplýsingar um stöðu orlofshúsa, sækja um, bóka yfir vetrartímann og greiða fyrir orlofshús með greiðslukorti.

Ég vil enn og aftur minna á heimasíðu félagsins, www.ein.is, þar sem má m.a. nálgast gagnlegar upplýsingar um félagið, kjaramál, fræðslumál og réttindi launafólks. Síðan er vel virk og vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Hægt er að skrá sig á póstlista á síðunni og fá þannig nýjustu fréttir sem á hana koma beint í æð.

Félagið er með síðu á Facebook svo þið megið alveg endilega gefa okkur eins og eitt like á þá síðu og svo er um að gera að deila henni svo fleiri félagsmenn viti af henni.

Síðastliðinn laugardag hélt félagið útgáfuhátíð í HOFI í tilefni af útkomu bókarinnar „Til starfs og stórra sigra“ – Saga Einingar-Íðju 1906-2004. Þessi dagur var valinn því þann 10. febrúar, fyrir 55 árum, sameinuðust Verkakvennafélagið Eining og Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar. Í tilefni útgáfunnar veitti félagið Krabbameinsfélagi Akureyrar, Endurhæfingardeildinni á Kristnesi, Aflinu og Grófinni styrki upp á krónur eina milljón hverju.

Sérstakur gestur hátíðarinnar var forseti Íslands hr. Guðni Th. Jóhannesson.

Hægt er að kaupa eintak af þessu glæsilega riti á skrifstofum félagsins. Út febrúar verður hún á tilboði til félagsmanna á kr. 9.900 en fullt verð er kr. 13.900.

Stjórn deildarinnar var þannig skipuð fyrir síðasta starfsár:

Formaður	Sigríður K. Bjarkadóttir	Lundarskóli
Varaformaður	Elísabet Skarphéðinsdóttir	Hrafnagilsskóli
Ritari	Hildur Ingvarsdóttir	Sambýlið Snægili
Meðstjórnendur	Anna Dóra Gunnarsdóttir	Leiksk.Álfasteini
	Ásrún Karlsdóttir	Frekari liðveisla
	Guðrún Lárusdóttir	Dalvíkurskóli
	Halldór Ari Brynjólfsson	Framkvæmdamiðstöð
	Hrönn Vignisdóttir	Sjúkrahúsið á Akureyri
	Sigurbjörg Ingvadóttir	Hjúkrunarh. Hlíð

Í ár verður kosið um varaformann og þrjá meðstjórnendur til tveggja ára. Hildur og Sigurbjörg voru kosnar í fyrra til tveggja ára en óskuðu eftir því að láta af störfum. Því þarf að kjósa ritara og einn meðstjórnenda til eins árs. Anna Dóra Gunnarsdóttir, sem nú er meðstjórnandi til næsta árs býður sig fram í ritara og ef hún verður kosin þá þarf einnig að kjósa annan meðstjórnanda til eins árs.

Ég vil þakka Guðrúnu Lárusdóttur, Hildi Ingvarsdóttur og Sigurbjörgu Ingvadóttur sem nú láta af stjórnarstörfum fyrir samstarfið á liðnum árum. Ég vil einnig þakka öllum þeim sem ég hef starfað með á liðnu ári fyrir ánægjulegt samstarf og viðkyrningu, sérstaklega öðrum stjórnarmönnum deildarinnar og starfsmönnum Einingar-Iðju.

Að lokum þakka ég Birni Snæbjörnssyni, starfsmanni deildarinnar fyrir gott samstarf á árinu.

Takk fyrir.